
Akraneslína 2, lagning jarðstrengs

Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 2. desember 2019 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Landsneti um fyrirhugaða lagningu jarðstrengs um Akraneskaupstað og Hvalfjarðarsveit, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.21 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Fiskistofu, Hafrannsóknarstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Minjastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Akraneslína 2, lagning jarðstrengs. Tilkynning til ákvörðunar um matskyldu. Landsnet hf. – EFLA verkfræðistofa, október 2019.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Akraneskaupstað með tölvupósti dags. 28. janúar 2020.
- Hvalfjarðarsveit með tölvupósti dags. 17. janúar 2020.
- Fiskistofu með tölvupósti dags. 6. desember 2019.
- Hafrannsóknarstofnun með tölvupósti dags. 4. desember 2019.
- Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með tölvupósti dags. 10. desember 2019.
- Minjastofnun Íslands með tölvupósti dags. 11. desember 2019.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 27. desember 2019.
- Vegagerðinni með tölvupósti dags. 16. desember 2019.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 15. desember 2019.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fyrirhugað er að leggja 66 kV jarðstreng frá tengivirki á Akranesi að tengivirki við Brennimel. Leiðin er tæplega 20 km löng. Framkvæmdin er innan Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar og fylgir jarðstrengurinn að hluta til núverandi streng Akraneslínu 1 og einnig vegum á svæðinu. Tilgangurinn er að viðhalda afhendingaröryggi á svæðinu, en fyrir er einn sambærilegur jarðstrengur auk loftlínu sem er komin til ára sinna. Ætlunin er að tvöfalda þá tengingu með öðrum jarðstreng svo í kjölfarið verði mögulegt að rífa niður loftlínu.

Framkvæmdin er áfangaskipt í þrjá áfanga og er fyrsta áfanga þegar lokið. Í öðrum áfanga er um að ræða lagningu jarðstrengs á 3,5 km kafla að hornmastri Vatnshamralínu 2. Í þriðja áfanga er um að ræða lagningu jarðstrengs á um 15 km kafla sem hefst þar sem öðrum áfanga lauk og nær að núverandi tengivirki við Brennimel.



Lagning jarðstrengs

Fram kemur að við lagningu jarðstrengsins verður grafinn um 0,8 m breiður skurður, niður á um 1,3 m dýpi, botninn þakinn strengsandi og strengnum komið fyrir á skurðbotninum. Hann síðan þakinn sandi og öryggisborði settur yfir til varnar. Áætluð efnisþörf af strengjasandi í verkið er um 9.000 m³. Í botn strengskurðar verður á köflum lagður jarðvír úr kopar. Þvermál og lengd ræðst af raffræðilegri heildarhönnun þar sem tekið er tillit til eiginleika jarðvegs, jarðskauts tengivirkja, staðsetningar tengistaða, o.fl. Miðað er við að jarðvír verði lagður út frá tengivirkjum og krosstengistöðum. Skurðsnið miðast við að strengur geti verið óhultur og dýpi frá yfirborði tekur mið af því. Reiknað er með að hann verði grafinn á um 1,0 m dýpi og lagður í sérstakan varmaleiðandi strengjasand.

Valkostir

Farið hefur farið valkostagreining fyrir verkefnið á áætlana stigi fyrir framkvæmdaáætlun Landsnets. Þar voru alls teknir þrír meginvalkostir til skoðunar. Auk aðalvalkostar var skoðaður sá möguleiki að leggja 132 kV jarðstreng sömu leið, sem og að leggja 66 kV jarðstreng milli Akraness og Vatnshamra. Gerður var greinargóður samanburður á valkostunum. Niðurstaða valkostagreiningar var sú að valkostur 2, sem er nýr 66 kV jarðstrengur frá Brennimel að Akranesi, sé sá valkostur sem best uppfyllir öll markmið og samræmist best stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins og lagningu raflína.

4 UMHVERFISÁHRIF

Fyrirhuguð strengleið liggur að mestu leyti um svæði sem þegar hefur verið raskað. Röskun vegna lagningar jarðstrengs verður um 5,5 metrar á breidd þar sem ekki þarf að leggja vegslóð en annars rúmlega 9 metrar. Þar sem áætlað er að jarðstrengurinn verði um 20 km langur má því gera ráð fyrir að heildarrask við lagningu jarðstrengs verði um 11 ha, þá er ótalið rask vegna slóðagerðar.

Gróður

Fram kemur að strengleiðin verði staðsett á svæðum sem þegar hafi verið raskað, s.s. með vegagerð, raflínum og framræslu. Með því að staðsetja strengleiðina nálægt vegum og á þurrara landi nærri skurðum verður dregið úr þörf á slóðagerð. Fyrirhuguð strengleið þverar níu vatnsföll og við þverun þeirra þarf að raska bakkagróðri, en skv. 62. gr. laga um náttúruvernd skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri og haga framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi. Frágangi verður háttað þannig að tryggt sé að ekki verði rof úr bökkum á þverunarstöðum og því aðeins um tímabundin áhrif að ræða. Svarðlag verður haldið til haga og endurnýtt við frágang eftir lagningu jarðstrengs. Þá er gert ráð fyrir að nota dúk undir slóðir á viðkvæmum svæðum og fjarlægja bæði slóðir og vinnuþlön í verklok eða jafnóðum. Gróður ætti því að vera tiltölulega fljótur að jafna sig eftir raskið. Í ljósi þess að helstu áhrif framkvæmdarinnar felast í tímabundnu raski á svæði sem hefur að mestu þegar verið raskað eru áhrif á gróður og vistlendi metin óveruleg.

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdasvæðið henti mjög vel til lagningar jarðstrengs og metur því rask á ósnortnu landi óverulegt.

Vatnalíf

Fram kemur að fyrirhuguð strengleið þveri níu ár og læki, þ.e. Berjadalsá, Kjalardalslæk, Djúpá, Tóftalæk, Bæjardalslæk, Rauðalæk, Brunná, Sellæk, og Silungalæk. Þveranir vatnsfallanna verða framkvæmdar með því að grafa rör undir þau, fergja þau og skorða undir árbotninum.

Hafrannsóknastofnun telur að áhrif á vatnalíf vegna framkvæmdanna séu það lítið inngrip í lífríki þeirra að ekki sé þörf á umhverfismati hvað vatnalíf varðar. Framkvæmdir við þveranir



valda staðbundnu raski á árbotninum meðan á framkvæmdum stendur auk skollitun árvatns og bakkarofi. Reynslan af sambærilegum framkvæmdum er að almennt er um minniháttar inngríp í lífríki þeirra og áhrifin eru ekki langvarandi.

Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 m frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði er háð leyfi Fiskistofu, sbr. lög um lax- og silungsveiði.

Ásýnd og landslag

Fram kemur að á framkvæmdatíma mun rask hafa tímabundin áhrif á ásýnd strengleiðarinnar en áhrifin verða óveruleg þegar gróður er búinn að jafna sig í kjölfar framkvæmda. Eftir að jarðstrengur hefur verið lagður og tekinn í notkun er mögulegt að fjarlægja Vatnshamralínu 2 sem er loftlína. Við það verða jákvæð áhrif á ásýnd þar sem engin sýnileg ummerki verða um raforkuflutninga á svæðinu eftir að möstur og loftlína hafa verið fjarlægð.

Menningarminjar

Fram kemur að í grennd við fyrirhugaða strengleið eru 13 minjar. Með því að auðkenna minjarnar með flöggum telur framkvæmdaraðili að unnt sé að komast hjá því að raska þeim.

Minjastofnun telur að til að raunhæft sé að forðast rask á fornleifum með því að merkja þær þurfi að liggja nákvæmar upplýsingar um fornleifar á fyrirhugaðri lagnaleið. Sú fornleifaskráning sem gerð var á sínum tíma uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru til fornleifaskráningar í dag. Minjastofnun telur að skrá þurfi fornleifar á fyrirhugaðri lagnaleið Akraneslínu 2 milli Brennimels og Akraness. Staðsetning og útlínur fornleifa þarf að færa inn á loftmynd/kort ásamt staðsetningu jarðstrengsins. Taka þarf tilliti til fornleifa við val á staðsetningu strengsins.

Í frekari upplýsingum kemur fram að framkvæmdaraðili mun fá fornleifafræðing til að skrá minjar á strengleiðinni og leggja skráninguna fyrir Minjastofnun áður en framkvæmdir hefjast. Framkvæmdaraðili mun afla fullnægjandi gagna um fornleifar og viðeigandi umsagna og leyfa Minjastofnunar áður en framkvæmdir hefjast.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Akraness 2005-2017 en áður en framkvæmdaleyfi verður veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á núgildandi aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi, auk leyfis Fiskistofu vegna framkvæmda við ár og vötn samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða 66 kV jarðstreng milli Akraness og Brennimels. Ætlunin er að tvöfalda tengingu með öðrum jarðstreng svo í kjölfarið verði mögulegt að rífa niður loftlínu. Fyrirhugaður jarðstrengur er tæpir 20 km að lengd.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.21 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.



Eðli og staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, sem varða framkvæmdina sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, meðal annars svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd og svæða sem njóta verndar vegna fornleifa. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, svo sem með tilliti til landslagsheilda og kjörlendis dýra, sbr. 2. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Framkvæmdin er eins og áður segir nokkuð umfangsmikil, eða sem nemur 20 km jarðstrengslögn ásamt tímabundinni slóðagerð. Mestur hluti lagnaleiðarinnar er fyrirhugaður á svæði sem þegar hefur verið raskað en leitast verður við að lágmarka áhrif á gróðurfar með því að staðsetja strengleiðina innan raskaðra svæða. Með því að staðsetja strengleiðina nálægt vegum og á þurrara landi nærri skurðum verður dregið úr þörf á slóðagerð. Óhjákvæmilegt rask verður á bakkagróðri við þverun vatnsfalla, en Umhverfisstofnun telur að rask á ósnortnu landi verði óverulegt. Minjastofnun telur að skrá þurfi fornleifar á fyrirhugaðri lagnaleið, auk þess að taka tilliti til fornleifa við val á staðfestingu strengsins. Framkvæmdaraðili hefur boðað að minjar verði skráðar á strengleiðinni til að koma í veg fyrir rask á minjum á svæðinu, auk þess að sem viðeigandi leyfa verði aflað áður en framkvæmdir hefjist. Skipulagsstofnun telur að rask vegna framkvæmdarinnar muni verða óverulegt þar sem lagnaleiðin er að mestu innan svæðis sem nú þegar er raskað og áhrifin því óveruleg til lengri tíma litið. Með fyrirhugaðri strenglögn og mögulegu niðurrifi loftlínu í kjölfarið verða ásýndaráhrif framkvæmdarinnar jákvæð auk þess sem áflugshætta fugla vegna núverandi loftlínu munu hverfa, komi til niðurrifs hennar.

Skipulagsstofnun bendir á að brýnt sé að skrá og merkja fornminjar sbr. umsögn Minjastofnunar með tilliti til staðsetningu strenglagnarinnar, áður en leyfi til framkvæmda kemur til.

Gerð og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Helstu umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdarinnar verður rask á gróðri innan áhrifasvæðis strenglagnarinnar, en ekki er að finna jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar innan framkvæmdasvæðisins. Mikilvægt er að vanda framkvæmd og frágang við lagningu jarðstrengsins eins og áður segir. Áhrif framkvæmdarinnar munu þó að mati Skipulagsstofnunar vera óveruleg og tímabundin og líklegt að rask muni jafna sig með góðum frágangi og þeim mótvægisáðgerðum sem boðaðar eru.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 30. mars 2020.

Reykjavík, 27. febrúar 2020

Egill Þórarinnsson

Jón Þórir Þorvaldsson